

sept skyldur til að greiða verkakönunum, er vinna fulla vinnuviku, þ. e. frá kl. 7.30 f. h. til 5 síðdegis nema laugardaga, þá til kl. 12 á hádegi, kaup fyrir 48 dagvinnustundir.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1953.

Nr. 8/1952.

**Alpýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags
Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92**
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Haralds Böðvarssonar & Co.**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Fiskveiðar: Skorið úr ágreiningi um rétt sjómanna til kauptryggingar.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu 3. nóvember f. á. af Alpýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92, gegn Landsambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Haralds Böðvarssonar & Co.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að stefnda sé skylt að greiða skipverjunum Hauki Ólafssyni, Jóni Pálsyni, Ingimundi Leifssyni, Reyni Halldórssyni og Þórði Guðmundssyni, er voru skipverjar á m/b Keili Ak 92, í október 1951, kauptryggingu samkvæmt 9. gr. kjarasamnings frá 10. júní 1949, dagana 5.—18. október 1951, að báðum meðtöldum. Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 10. júní 1949 var undirritaður kjarasamningur milli

Verklýðsfélags Akraness og fleiri stéttarfélaganna annars vegar og Útvegsmannafélags Akraness og fleiri útvegsmannafélaga hins vegar um kaup og kjör við sildveiðar. Í 2. gr. samnings þessa segir, hvaða kjör skuli gilda á sildveiðum með herpinót, en í 4. gr. hans eru ákvæði um það, hver kjörin séu á sildveiðum með hringnót. Samningur þessi geymir einnig ákvæði um kjör á sildveiðum og reknetjum, en um þær veiðar gildir sérstakur samningur milli Verklýðsfélags Akraness og Útvegsmannafélags Akraness, dags. 29. maí 1951. Samkvæmt framangreindum samningsákvæðum gilda þannig mismunandi kjör eftir því, hvort veiðar eru stundaðar með herpinót, hringnót eða reknetjum.

Í 9. gr. samningsins frá 10. júní 1949 eru ákvæði um það, að útgerðarmaður tryggi skipverjum mánaðarlega greiðslu á tiltekinni fjárhæð frá lögskráningardegi til afskráningardags. Samskonar ákvæði geymir 3. gr. samningsins frá 29. maí 1951, en trygging samkvæmt þeim samningi er nokkru lægri en samkvæmt 9. gr. samningsins frá 10. júní 1949.

Hinn 16. ágúst 1951 var lögskráð á vélbátinn Keili Ak 92, eign firmans Haralds Böðvarssonar & Co. Hóf hann þá sildarveiðar með reknetjum og stóðu þær veiðar til 4. október sama árs. En þann dag var báturinn dreginn upp í „slipp“ á Akranesi. Voru netin tekin úr honum og ný fisksjá sett í hann. Hinn 7. s. m. var báturinn settur á flot aftur. Var þá tekin hringnót um borð. Var ætlunin að gera um skeið tilraunir til sildveiða með hringnót án þess að nótabátur væri jafnframt notaður, eins og tíðkast við veiðar með nefndu veiðitæki. Þessar tilraunir stóðu yfir til 25. október, en var þá hætt og reknetjaveiðar teknar upp af nýju. Stóðu þær yfir til 19. nóvember 1951, en þá var hætt veiðum og skipverjar afskráðir. Höfðu þeir allir, að tveimur undanskildum, verið á bátum allan tímann frá 16. ágúst og ekki afskráðir á því tímabili. Meðan hringnótaveiðarnar stóðu yfir, voru miklar ógæftir. Gáfust því fá tækifæri til þess að reyna hringnótina og mun lítið sem ekkert hafa veiðzt í hana. Var þessum veiðum, eins og áður var greint, því hætt þann 25. október.

Ágreiningsefni máls þessa er það, við hvaða kjör skipverjar Keilis hafi átt að búa meðan á hringnótaveiðum stóð.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hér hafi verið um tilraun að ræða. Notuð hafi verið nokkuð önnur gerð hringnótar en venjulegt sé og nótabátur ekki hafður við veiðarnar. Heldur hann því fram, að samið hafi verið um það við skipverja í upphafi hringnótaveiðanna, að þeir fengju ekki minna en meðalllut miðað við reknetjaveiðar á þessum tíma. Hins vegar kveðst hann, er í ljós kom, að veiðarnar gengu illa, hafa samkvæmt beiðni skipverja fallizt á að greiða þeim kauptryggingu samkvæmt hringnótasamningnum dagana 19.—25. október, þar sem hann hafi haft sérstakan áhuga á því, að reyna nefndar hringnótaveiðar til hlítar. Gerði stefndi skipverjum reikningsskil, er afskráð var 19. nóvember 1951, með þeim hætti, að reknetjasamningurinn var lagður til grundvallar fyrir allt tímabilið frá 16. ágúst til 19. nóvember, eins og reknetjaveiðar hefðu staðið yfir óslitið allan tímann. Þar að auki fengu skipverjar hringnótarkauptryggingu fyrir dagana 19. til 25. október.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að reknetjaveiði m/b Keilis, sem hófst 16. ágúst, hafi lokið 4. október, þegar báturinn var tekinn upp í „slipp“ og skipt var um veiðitæki. Telur hann, að þá hafi byrjað nýtt veiðitímabil, er ákvæði hring- og herpinótarsamningsins frá 10. júní 1949 eigi við um. Hafi það staðið til 25. október, er hringnótaveiðunum lauk. Hann neitar eindregið þeirri staðhæfingu stefnda, að gerður hafi verið sérstakur samningur við skipverja um hringnótaveiðarnar, er þær hófust. Hins vegar hafi þeir, er í ljós kom, að stefndi ætlaði ekki að fylgja ákvæðum samningsins frá 10. júní 1949 um sildveiðar með hringnót, farið á fund framkvæmdarstjóra stefnda hinn 18. október 1951 og hann þá fallizt á að greiða skipverjum kauptryggingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. oft nefnds samnings frá 10. júní 1949, allan tímann meðan hringnótin var notuð. Stefndi hafi þrátt fyrir þetta aðeins greitt skipverjum kauptryggingu fyrir dagana 19.—25. október, og er því krafizt viðurkenningar á því, að honum sé einnig skylt

að greiða sömu kauptryggingu frá 5.—18. október 1951 til þeirra skipverja, sem nafngreindir eru í framangreindri dómkröfu stefnanda.

Eins og að framan greinir, eru í samningum aðilja ákvæði um mismunandi kjör við sildveiðar eftir því, hvaða veiðitæki er notað. Og 5. gr. samningsins frá 10. júní 1949, geymir t. d. ákvæði um það, ef skip, sem hefur stundað herpi- eða hringnótaveiðar, tekur upp reknetjaveiðar á veiðitímanum. Þegar litið er til þessara samningsákvæða, verður að telja, að ákvæði sildveiðisamningsins frá 10. júní 1949 um veiðar með hringnót hafi átt að gilda að því er varðaði kjör skipverja á m/b Keili, er hann hóf veiðar með hringnót hinn 7. október f. á., eftir að hann hafði þá verið tekinn upp í „slipp“ og algerlega skipt um veiðitæki. Áttu skipverjar því, er ekkert aflaðizt, rétt til kauptryggingar samkvæmt ákvæðum 9. gr. þess samnings meðan hringnótin var notuð við veiðarnar, ef ekki var um annað samið sérstaklega. Skiptir ekki hér máli, þótt ekki væri notaður nótabátur við veiðar þessar, þar sem hér var að öðru leyti að ræða um sildveiðar með hringnót. Ekki er gegn mót-mælum stefnanda sannað, að samið hafi verið við skipverja þá, er í þessu máli greinir, um önnur kjör en þau, sem nefndur samningur áskilur sjómönnum, sbr. hér og 7. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina, þó svo, að nefndum skipverjum m/b Keilis verður aðeins dæmd kauptrygging samkvæmt 9. gr. oftnefnds samnings frá 10. júní 1949 frá og með 7. október 1951, en þann dag verður samkvæmt gögnum málsins að telja, að hringnótaveiðin hafi byrjað.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Haraldi Böðvarssyni & Co., er skylt að greiða Hauki Ólafssyni, Jóni Pálssyni, Ingimundi Leifssyni, Reyni Halldórssyni og Þórði Guðmundssyni, er voru skipverjar á m/b Keili Ak 92 dagana 7.—18. október 1951,

kauptryggingu nefnda daga, að báðum meðtöldum, samkvæmt ákvæðum 9. gr. framangreinds kjarasamnings frá 10. júní 1949.

Stefndi, Landssamband islenzkra útvegsmanna vegna Haralds Böðvarssonar & Co., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness vegna skipverja á m/b Keili, Ak 92, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. nóvember 1953.

Nr. 6/1953. **Alþýðusamband Íslands f. h. Vörubílstjórafélagssins Þróttar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. firmans Benedikts og Gissurar
 (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Forgangsréttur. Atvinnurekandi talinn hafa brotið forgangsréttarákvæði kjarasamnings með því að semja við annan atvinnurekanda um flutninga á rauðamöl.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. f. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjórafélagssins Þróttar í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. firmans Benedikts og Gissurar.

Með verksamningi, dags. 17. júlí þ. á., tók firmað Benedikt og Gissur að sér að byggja smurningsoliugeymslu fyrir Oliuverzlun Íslands h.f. á Kletti í Reykjavík fyrir tiltekið verð. Meðal annars skyldu verktakar ganga frá grunni hússins. Hinn 1. október þ. á. gerði verktakinn, firmað Benedikt og Gissur, samning við Pétur Snæland h.f. Samkvæmt samningi